

Stofnanasamningar milli hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar á Hellu

1. Skilgreining

Fulltrúar í samstarfsnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina. Samningur þessi er hluti af kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sem undirritaður var 1. júlí 2008.

2. Gildistími og endurskoðun

Gildistími þessa samnings er frá 1. ágúst 2010, og nær hann til allra hjúkrunarfræðinga Lundar sem starfa og njóta ráðningakjara skv. kjarasamningi FÍH. Stofnanasamningur skal endurskoðaður að jafnaði á tveggja ára fresti. Verði breytingar á starfsemi eininga innan stofnunar eða á störfum einstakra starfsmanna getur það gefið sjálfstætt tilefni til endurskoðunar.

3. Markmið stofnanasamningsins

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunarinnar, hvetur til árangurs og til þess að starfsmenn geti aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að efla starfsánægju og stuðla að jafnrétti kynjanna.

4. Röðun starfa í launaflokka

Starf	Skýring	Launaflokkur
Hjúkrunarfræðingur 1	Byrjandi í starfi (nýútskrifaður)	05
Hjúkrunarfræðingur 2	(Komin vel á veg) (2 ár starfsreynsla)	06
Hjúkrunarfræðingur 3	(Er fær í starfi) (5 ára starfsreynsla)	07
Hjúkrunardeildarstjóri		10-12
Hjúkrunarforstjóri/framkvæmdastjóri		16- 18

- Fastar launagreiðslur s.s. vegna óunnar yfirvinnu skulu vera 20 klst. fyrir hjúkrunarforstjóra og 10 klst. fyrir deildarstjóra.
- Starf eða starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í stofnanasamningi þessum.

6. Tryggð við stofnun

- Eftir 1 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)
- Eftir 3 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)
- Eftir 5 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)
- Eftir 7 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)
- Eftir 10 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)
- Eftir 15 ár í starfi á Lundi eitt álagsþrep (2,5%)

7. Mat á menntun

Leitast skal við að hjúkrunarfræðingar hafi tækifæri til að viðhalda og auka menntun sína.

Símenntun og/eða námskeið

Heimilt er að raða starfsmanni ofar í álagsþrep ef hann hefur lokið námskeiðum, fræðslufundum og öðru slíku sem nýtist í starfi að mati stofnunar, sem hér segir:

- Eitt álagsþrep: Viðkomandi hefur lokið að lágmarki sem nemur átta eininga námi (96 klst.).
- Tvö álagsþrep: Viðkomandi hefur lokið að lágmarki sem nemur 16 eininga námi (192 klst.).
- Þrjú álagsþrep: Viðkomandi hefur lokið að lágmarki sem nemur 32 eininga námi (384 klst.).
- Námskeið sem nýtast í starfi geta verið á sviði hjúkrunar, tungumála, tölvunotkunar, nudds o.fl.

Formleg menntun

Sérfræðinám eða formlegt framhalds- eða viðbótarnám að loknu grunnprófi í hjúkrun sem nýtist í starfi að mati stofnunar (að lágmarki 14 einingar) raðast einum til þremur álagsþrepum ofar en ella.

Gildistaka á námi. Mat á námi skal taka gildi fyrstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram.

Álagsþrep raðast sem hér segir:

- Símenntun 2,5%
- Sérnam (diplómanám) 5%
- Meistaránám 7,5%

8. Sérstakt tímabundið álag eða verkefni

- Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun sem aldrei skal nema hærri fjárhæð en 30 þúsund krónum á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta og greiðist aldrei lengur en áhrif þess vara. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning við starfsmann um tímabundna hækkun launa. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna t.d. ákveðna verkefnastjórnun, þátttöku í nefndum, tímabundið aukið stjórnunarálág umfram stjórnunarskyldu. Launaviðbót sem byggir á tímabundnum verkefnasamningi fellur niður við lok samningstíma án sérstakrar uppsagnar af hálfu stofnunarinnar.
- Einnig má meta til hækkunar tímabundið eða viðvarandi álag eða áreiti í starfi.

9. Undirritun samnings

Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2010

Hella 27. ágúst 2010

F.h. hjúkrunarfræðinga

Raúi Jósepsdóttir
Hslaug Anna Kristinsdóttir

F.h. Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar

Drífa Hjartaudóttir
Margrét Yrri Sigurgeirsdóttir